

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tækjasjóð Landspítalans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. nóvember 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tækjasjóð Landspítalans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tækjasjóður Landspítalans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000,00 og er framlag Búnaðarbanka Íslands í tilefni af því, að bankinn tók upp alhliða gjaldeyrisþjónustu.

Ávöxtun sjóðsins skal vera í samræmi við bestu ávöxtunarkjör bankans á hverjum tíma. Stofnfé sjóðsins skal haldast óskert.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og 50% af öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. 50% af gjafafé skal leggja við stofnfé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita aðstoð við kaup á mikilvægum lækningatækjum til Landspítalans, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður, að jafnaði árlega.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna, formaður Læknaráðs Landspítalans og einn maður tilnefndur af bankastjórn Búnaðarbanka Íslands, og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Varamenn í stjórn eru tilkvaddir með sama hætti.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega, og skulu þeir kynntir fyrir stjórnarnefnd ríkisspítalanna, Læknaráði Landspítalans og bankastjórn Búnaðarbankans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn fær ekki þóknun fyrir störf sín í stjórninni.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett í samræmi við kröfu Búnaðarbankans í gjafabréfi. Henni má breyta með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn skal leita viðurkenningar fjármálaráðuneytis á því, að gjafir til sjóðsins njóti skattfrelsis í samræmi við heimild skattalaga um það efni, hverju sinni.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.